**Starfsfólk óskast í félagslegri heimaþjónustu hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings**

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási auglýsir eftir starfskrafti í félagslega heimaþjónustu/stuðningsþjónustu, í afleysingar. Starfshlutfall er eftir samkomulagi. Heimaþjónusta/stuðningsþjónusta fer fram á heimilum einstaklinga og felur í sér venjubundin heimilisverk og ræstingar sem og félagslegan stuðning.

**Kröfur v/starfs:** Leitað er að starfsmanni sem hefur áhuga á að vinna með einstaklingum, er góður í mannlegum samskiptum, hefur ríka þjónustulund og reynslu af heimilisverkum/ræstingum. Í starfinu er lögð áhersla á gagnkvæma virðingu og stundvísi.

Umsækjandi skal hafa náð 20 ára aldri, hafa góða íslenskukunnáttu, þarf að vera með bílpróf og hafa bíl til umráða og geta byrjað sem fyrst.

**Vinnutími:** Dagvinna

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá á netfangið:

*velferd@arnesthing.is*